

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 26. ágúst 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Kosning í nefndir og ráð:

Eftirtaldir voru kosnir til næstu fjögurra ára:

- a) Búfjáreftirlits- og fjallskilanevnd

Aðalmaður:

Gunnlaugur Sigmarsson

Til vara:

Rögnvaldur Ottósson

- b) Gróðurverndar- og náttúruverndarnefnd

Aðalmaður:

Gunnlaugur Sigmarsson

Til vara:

Rögnvaldur Ottósson

2. Aðalskipulag Skagastrandar

Fyrir fundinum lá tillaga að aðalskipulagi Skagastrandar 2010-2022 til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Samkvæmt bókun skipulags- og byggingarnefndar 23. ágúst sl. er lagt til að aðalskipulag sveitarfélagsins 2010-2022 verði samþykkt af sveitarstjórn og því vísað til afgreiðslu Skipulagsstofnunar.

Fyrir fundinum lágu greinargerð skipulagsins og samantekt Landmótunar um athugasemdir og umsagnir vegna aðalskipulagsins þar sem fjallað er um allar umsagnir sem borist hafa. Þá lágu fyrir umsagnir sjö lögformlegra umsagnaraðila um aðalskipulagið og athugasemdir sem bárust á auglýsingatímanum frá Ásgeiri Axelssyni og Sigrúnu Guðmundsdóttur dags. 6. júlí 2010 annarsvegar og Rúnari Jósefssyni dags. 6. júlí 2010 hins vegar þar sem gagnrýnt er að Skagastrandarvegi verði breytt þannig að hann liggji þar sem nú eru ræktunar- og beitolönd.

Sveitarstjórn ræddi athugasemdirnar og taldi ekki forsendur til að gera breytingar á fyrirbyggjandi aðalskipulagi en fól sveitarstjóra að veita svör þar sem komi fram að tillaga Vegagerðarinnar um breytingu á aðkomu til Skagastrandar taki m.a. mið af flokkun vega. Skagastrandarvegur sé skilgreindur sem stofnvegur sem nær inn í þéttbýlið. Skagavegur sé hins vegar skilgreindur sem tengivegur og þess vegna hafi verið gerð tillaga að breyttum gatnamótum þannig að Skagavegur tengist inn á Skagastrandarveg. Niðurstaða Vegagerðarinnar hafi verið að sú tillaga sem sett er fram í aðalskipulagstillögunni uppfyllti best vegtæknileg skilyrði m.a. vegna öryggissjónarmiða. Umrædd breyting á veginum sé hins vegar ekki inn á vegaáætlun og því munu leigutakar geta nýtt landið enn um sinn án truflunar af þeirri framkvæmd.

Lögformlegum umsagnaraðilum var send skipulagstillagan til umsagnar 18. mars 2010 og bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum sem lagðar voru fram á fundinum:

1. Kirkjugarðsráðs, dags. 23. mars 2010
2. Orkustofnunar dags. 25. mars 2010
3. Skagabyggðar dags. 12. apríl 2010
4. Skógræktar ríkisins dags. 13. apríl 2010
5. Sveitarfélagsins Skagafjörður, dags. 2. júní 2010
6. Minjavarðar Norðurlands vestra, dags. 25. júní 2010
7. Umhverfisstofnunar, dags. 17. ágúst 2010

Í samantekt ráðgjafa um athugasemdirnar kemur fram hvort og hvernig er ástæða til að gera breytingar á greinargerð aðalskipulagsins. Þær breytingar höfðu verið færðar inn í greinargerðina og samþykktar af skipulags og byggingarnefnd.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 ásamt greinargerð var borið upp og samþykkt samhljóða. Samkvæmt ákvörðun Sveitarstjórnar mun nú óskað eftir því að Aðalskipulag Skagastrandar fái skipulagslega meðferð og að Skipulagsstofnun afgreiði skipulagið til staðfestingar umhverfisráðherra skv. 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

3. Svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu

Tekið var fyrir bréf Samvinnunefndar um Svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu dags. 20. júlí 2010. Bréfið varðar breytingu á Svæðisskipulagi Austur Húnavatnssýslu 2004-2016. Á auglýsinga- og kynningartíma bárust athugasemdir frá 4 aðilum og hafa svör samvinnunefndar verið send til þeirra sem athugasemdir gerðu og verður niðurstaða samvinnunefndar auglýst sbr. 3. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga. Sveitarstjórn Skagastrandar leggur til að breyting á Svæðisskipulagi Austur Húnavatnssýslu verði samþykkt.

4. Bréf:

- a) Djásn og dúllerí, dags. 7. júlí 2010
Bréfið er undirritað af Signý Ósk Richter, Sigríði Björk Sveinsdóttur og Birnu Sveinsdóttur. Með bréfinu er gerð grein fyrir opnun handverksmarkaðar í kjallara Einbúastígs 2, þar sem verði boðið upp á handverk, litlar sýningar af ýmsu tagi og sett upp upplýsingahorn. Óskað er eftir fjárstyrk að upphæð 250 þús. fyrir auglýsingakostnaði, húsbúnaði og öðrum þeim búnaði sem þarf til að koma slíkum markaði af stað.
Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að verða við erindinu og lýsti ánægju sinni með framtakið.
- b) Stjórnar Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 13. júlí 2010
Með bréfinu er sveitarstjórnarfulltrúum og mökum þeirra sem voru viðstödd afhendingu safnaverðlaunanna á Bessastöðum færðar þakkir fyrir stuðning við safnið.
Bréfið var til kynningar.

- c) Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. júlí 2010
Með bréfinu er boðað til XXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga
29. september – 1. október nk. á Akureyri.
Bréfið var til kynningar.

5. Fundargerðir:

- a) Skipulags- og byggingarnefndar, 23.08.2010
Fundargerðin var samþykkt
- b) Tómstunda- og menningarmálanefndar 24.06.2010
Fundargerðin var samþykkt
- c) Tómstunda- og menningarmálanefndar 1.07.2010
Fundargerðin var samþykkt
- d) Tómstunda- og menningarmálanefndar 8.07 2010
Fundargerðin var samþykkt
- e) Tómstunda- og menningarmálanefndar 29.07.2010
Fundargerðin var samþykkt. Í henni kemur m.a. fram að nefndin er að ganga frá skipulagi Kántrýdaga og því bókað sérstaklega að sveitarstjórn þakkar nefndinni og þeim sem að Kántrýdögum stóð fyrir störf þeirra að hátíðarhaldinu.
- f) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 11.06.2010
Fundargerðin var til kynningar
- g) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 22.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- h) Stjórnar Byggðasamlags um menningu og atvinnumál í A-Hún, 26.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- i) Stjórn Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún, dags. 29. júní 2010
Fundargerðin var til kynningar
- j) Stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 5.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- k) Búfjáreftilits og fjallskilaneftar A-Hún, 5.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- l) Stjórna Byggðasafnsins að Reykjatanga, 18.06.2010
Fundargerðin var til kynningar
- m) Stjórnar Norðurár bs. 21.06.2010
Fundargerðin var til kynningar

- n) Stjórnar Norðurár bs. 24.06.2010
Fundargerðin var til kynningar
- o) Stjórnar Norðurár bs. 6.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- p) Stjórnar Norðurár bs. 28.07.2010
Fundargerðin var til kynningar
- q) Stjórnar Norðurár bs. 16.08.2010
Fundargerðin var til kynningar
- r) Stjórnar Norðurár bs. 18.08.2010
Fundargerðin var til kynningar
- s) Stjórnar SSNV, 21.06.2010
Fundargerðin var til kynningar
- t) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25.06.2010
Fundargerðin var til kynningar

6. Önnur mál

Tekin var fyrir tillaga oddvita um að styrkja Hólaneskirkju um 1 milljón króna til aðkallandi viðhalds. Sveitarstjórn ræddi ástand kirkjunnar og tillöguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.

Péturína óskaði að eftirfarandi yfirlýsing verði bókuð:

Að gefnu tilefni vegna atviks í kjölfar fundar Sveitarstjórnar á Skagaströnd þann 23. júní 2010.

Ég lít svo á að umræður á fundum sveitarstjórnar þar sem fjallað er um persónuleg mál einstakra aðila beri að horfa á sem algjör trúnaðarmál þannig að sveitarstjórnarmenn eða sveitarstjóri séu ekki að tilgreina við aðila „út í bæ“ hver sé að segja hvað þegar viðkvæm eða óþægileg mál eru til umfjöllunar.

Ég vil yfirlýsa að ég hef ekki og mun ekki viðhafa slík vinnubrögð í störfum mínum í sveitarstjórn og ætlast til að slíkt geri aðrir sem taka þátt í fundarstörfum sveitarstjórnar á þessu kjörtímabili.

Péturína Jakobsdóttir.

Halldór lagði til að gert verði deiliskipulag af svokölluðu Hólanessvæði. Samþykkt að taka málið upp á næsta fundi sveitarstjórnar.

Umræður urðu um umhverfismál og sérstaklega rætt það sem betur má fara í umgengni og frágangi fasteigna og athafnasvæða.

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 11¹⁵

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson,

Jensína Lýðsdóttir

Magnús B. Jónsson